



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 7. október 2020 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins að Túnbraut 1-3.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín B. Leifsdóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir helstu verkefni frá síðasta fundi. Skýrsla var flutt munnlega og til kynningar.

#### 2. Rekstur og framkvæmdayfirlit janúar-ágúst 2020

Fyrir fundinum lá rekstrar- og framkvæmdayfirlit sveitarfélagsins fyrir tímabilið janúar-ágúst 2020 sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Fyrirliggjandi gögn voru til kynningar og umræðu. Sveitarstjórn ræddi yfirlitin, rekstur sveitarfélagsins almennt með hliðsjón af skerðingu á framlögum frá Jöfnunarsjóði vegna Covid-19 sem mun setja mark sitt á rekstrarniðurstöðu ársins. Boðað hefur verið að komið verði til móts við skerðingar að einhverju leyti en verður breytingin þó óveruleg.

#### 3. Ársreikningar

##### a. Hólanes ehf.

Fyrir fundinum lá ársreikningur Hólaness ehf. vegna 2019. Ársreikningur var til kynningar.

##### b. Nes Listamiðstöð

Fyrir fundinum lá ársreikningur Nes Listamiðstöðvar vegna 2019. Ársreikningur var til kynningar.

#### 4. Samningar

##### a. Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra



Fyrir fundinum lágu drög að samstarfssamningi milli Sveitarfélagsins Skagastrandar og Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra. Sveitarstjórn ræddi drög að samningnum og fól sveitarstjóra að undirrita hann eins og hann var lagður fyrir.

#### **5. Jafnvægisvogin – viljayfirlýsing**

Fyrir fundinum lá Viljayfirlýsing um Jafnvægisvog FKA 2020. Markmið hennar er að árið 2027 verði kynjahlutfallið 40/60 í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja og sveitarfélaga á Íslandi. Samstarf sveitarfélagsins við FKA er til 5 ára og felur í sér að Sveitarfélagið muni heita því að vinna að markmiðum Jafnvægisvogarinnar, leggja lið í öflun áreiðanlegra upplýsinga og taka þátt í könnunum sem tengjast öflun upplýsinga um stöðu mála ásamt einstökum viðburðum verkefnisins. Sveitarstjórn fól sveitarstjóra að undirrita yfirlýsinguna.

#### **6. Starfsmannamál – Trúnaðarmál**

Afgreiðsla sveitarstjórnar er bókuð í trúnaðarbók.

#### **7. Bréf**

##### **a. Stjórnar SSNV dags. 7. september 2020**

Fyrir fundinum lá erindi stjórnar SSNV þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa í starfshóp um stafræna framþróun sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Sveitarstjórn ræddi málið og samþykkti að tilnefna sveitarstjóra í hópinn.

##### **b. Félag íslenskra handverksbruggara dags. 8. september 2020**

Með erindinu skorar Félag íslenskra handverksbruggara m.a. á sveitarstjórnarfólk að standa með íslenskum handverksbrugghúsum í tengslum við frumvarp um netsölu áfengis. Erindið var til kynningar.

##### **c. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis dags. 11. september 2020**

Með erindi ráðuneytis er varðar úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga og sérreglur sveitarfélaga um úthlutun kemur fram að sú breyting hafi orðið á umsóknarferli að ekki sé lengur þörf á því að sveitarstjórnir sækji sérstaklega um byggðakvóta heldur



muni ráðuneytið tilkynna sveitarstjórnnum hvers byggðalags hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðalags sem undir þær falla þegar sú skipting liggur fyrir. Reiknað er með að tilkynning um úthlutun til byggðalaga á fiskveiðiárinu 2020/2021 verði send til sveitarstjórna fyrir lok októbermánaðar. Með erindinu er áréttað að ráðherra geti á grundvelli rökstuddra tillaga frá sveitarstjórnnum vikið frá almennum reglum um úthlutun byggðakvóta til einstakra fiskiskipa enda rökstyðji sveitarstjórnir tillögur sínar og sýni fram á að skilyrði séu byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum. Tillögur sveitarstjórna varðandi sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta til sveitarfélagsins skal skilað til ráðuneytis eigi síðar en 15. október. Var sveitarstjóra falið að vinna að reglunum og leggja fyrir næsta fund sveitarstjórnar til samþykktar.

**d. Soroptimistaklúbbsins við Húnaflóa dags. 15. september 2020**

Með erindinu óskar Soroptimistaklúbburinn við Húnaflóa eftir 50.000 kr. styrk vegna árlegs verkefnis „Stelpur geta allt“. Sveitarstjórn samþykkti erindið.

**e. Farskólans dags. 16. september 2020**

Með erindi Farskólans er óskað eftir rekstrarstyrkt eða vildargjaldi vegna 2021 sem nemur 95.000 kr. Sveitarstjórn samþykkti að vísa erindinu til afgreiðslu við gerð fjárhagsáætlunar 2021.

**f. Vegagerðarinnar dags. 28. september 2020**

Með erindi Vegagerðarinnar er tilkynnt um stofnun starfshóps á vegum allra ráðuneyta ríkisstjórnarinnar með það markmið að móta samstarf helstu aðila sem hagsmuna hafa að gæta varðandi umbætur og hagræðingu vegna girðinga. Óskar starfshópurinn eftir aðstoð við gagnaöflun vegna verkefnisins. Var sveitarstjóra falið að veita umbeðnar upplýsingar.

**g. Stjórnar Nes listamiðstöðvar dags. 29. september 2020**

Fyrir fundinum lá erindi stjórnar Nes listamiðstöðvar þar sem óskað er eftir fjárhagslegum stuðningi frá sveitarfélaginu til þess að mögulegt sé að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum þar sem undanfarnir mánuðir hafa verið þungir í rekstri sökum Covid-19 og ekki fyrir séð að mikið verði um bókanir næstu mánuði.





Óskað er eftir fjárstuðningi sem nemur 800.000 kr mánaðarlega vegna október, nóvember og desember 2020. Þá er óskað eftir því að við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs verði gert ráð fyrir sambærilegu framlagi fyrstu sex mánuði ársins. Sveitarstjórn ræddi erindið og samþykkti samhljóða að vísa styrkbeiðni að upphæð 2,4 milljónum til endanlegrar afgreiðslu næsta fundar sveitarstjórnar með gerð viðauka við fjárhagsáætlun 2020. Þá var styrkbeiðni vegna næsta árs vísað til fjárhagsáætlunargerðar vegna 2021.

## 8. Fundargerðir

### a. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 24.08.2020

Fundargerð var til kynningar.

### b. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 28.09.2020

Fundargerð var til kynningar

### c. Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands dags. 08.09.2020

Fundargerð var til kynningar

### d. Aðalfundur Nes Listamiðstöðvar dags. 24.09.2020

Fundargerð var til kynningar

### e. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 25.09.2020

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar gerir athugasemd við lið 11. í fundargerðinni þar sem kemur fram að stjórn Sambandsins hafi tekið ákvörðun um að fella niður Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga ársins 2020. Sveitarstjórn telur að sú ákvörðun standist ekki samþykktir Sambandsins, enda hægt að halda Landsþing með rafrænum hætti.

Fundargerð var að öðru leyti til kynningar.

### f. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 29.09.2020

Fundargerð var til kynningar

### g. Framkvæmdaráðs sameiningarnefndar A-Hún dags. 02.09.2020

Fundargerð var til kynningar

### h. Sameiningarnefndar A-Hún dags. 30.09.2020

Undir 2. dagskrárlið í fundargerð sameiningarnefndar kemur fram að nefndin hafi farið yfir stöðugreiningu á stjórnsýslu og áhersluatriði nefndarinnar varðandi stjórnsýslu og þjónustu ef til sameiningar kemur. Fulltrúar Sveitarfélagsins Skagastrandar lögðu fram eftirfarandi bókun:



„Fulltrúar Sveitarfélagsins Skagastrandar telja að komi til sameiningar eigi öll stjórnsýsla sameinaðs sveitarfélags að vera til frambúðar á Skagaströnd. Vel heppnað fordæmi fyrir slíku fyrirkomulagi má finna í Snæfellsbæ. Þar er öll stjórnsýsla sveitarfélagsins á Hellisandi þrátt fyrir að Ólafsvík sé stærsti þéttbýliskjarninn.

Slíkt fyrirkomulag eykur líkur á að sameining yrði samþykkt af íbúum Skagastrandar þar sem hluti af andstöðu við sameiningu tengist ótta við að öll störf og þjónusta endi í stærsta íbúakjarna sameinaðs sveitarfélags og fátt muni sitja eftir í heimabyggð. Íbúar Austur-Húnavatnssýslu hafa lengst af sótt stóran hluta af þjónustu sinni til Blönduósbæjar. Má þar nefna þjónustu sýslumanns, ÁTVR, bifreiðaskoðun, heilbrigðisþjónustu sem og almenna verslunarþjónustu. Ekki er fyrir séð að það fyrirkomulag muni breytast. Því er mikilvægt að viðhalda þjónustustigi og uppbyggingu utan stærsta byggðakjarnans og sýna íbúum fram á það í verki að markmið með sameiningu sé efling Austur-Húnavatnssýslu í heild sinni.“

Undir 4. dagskrárlið fundargerðar lögðu ráðgjafar fram minnisblað með drögum að tillögu um formlegar sameiningarviðræður og samþykkti sameiningarnefndin samhljóða að leggja til við sveitarstjórnir Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar að hafnar verði formlegar sameiningarviðræður á grundvelli 119. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### **i. Tillaga um að hefja formlegar sameiningarviðræður**

Lagt er til að sveitarstjórnir Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar samþykki að skipa 2 fulltrúa hvert sveitarfélag og tvo til vara í samstarfsnefnd sem kanna skal möguleika á sameiningu sveitarfélaganna í samræmi við 119. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í því felst að sveitarfélögin hefja formlegar sameiningarviðræður sem lýkur með kosningu íbúa. Sveitarstjórar skulu hafa seturétt með málfrelsi og tillögurétt á fundum samstarfsnefndar.

Markmiðið er að sameining sveitarfélaganna leiði til bættrar þjónustu, öflugri stjórnsýslu og skili auknum slagkrafti við að ná árangri í byggða-, atvinnu- og samgöngumálum.

Stefnt skal að því að samstarfsnefnd skili álit sínu til sveitarstjórna eigi síðar en 26. mars 2021.



Samstarfsnefndinni er falið að setja verkefninu nánari verkáætlun og tímaramma.

Tillaga var samþykkt með 5 greiddum atkvæðum og samþykkt að skipa Halldór G. Ólafsson og Kristínu B. Leifsdóttur í samstarfsnefndina og Péturínu L. Jakobsdóttur og Guðmund Egil Erlendsson til vara.

**i. Fundargerð Hafnar- og skipulagsnefndar dags. 6.10.2020**

Sveitarstjórn tók sérstaklega til afgreiðslu eftirfarandi liði fundargerðarinnar

**2. Skipulagsmál:**

**b. Umsóknir um lóðir til byggingar**

*i. Ránarbraut 10*

Fyrir fundinum lá umsókn Jóns Ólafs Sigurjónssonar frá 12. september 2020 sem sækir um úthlutun á lóð að Ránarbraut 10 fyrir byggingu einbýlishúss. Í umsókn kemur fram að um timburhús sé að ræða. Áætlað er að framkvæmdir hefjist í október 2020 og að byggingartími verði 12 mánuðir. Lóðin sem um ræðir var auglýst skv. ákvörðun sveitarstjórnar með afslætti af öllum gatnagerðargjöldum háð því að byggingaframkvæmdir verði hafnar innan árs og að bygging hafi hlotið fokheldisvottorð innan tveggja ára frá úthlutun.

Nefndin samþykkir að veita umsækjanda lóðina til byggingar einbýlishúss.

*Afgreiðsla sveitarstjórnar: Sveitarstjórn samþykkti afgreiðsluna samhljóða*

*ii. Hólanesvegur 4*

Fyrir fundinum lá umsókn Guðjóns Bjarnasonar f.h. Geymd ehf. dags. 10. september sem sækir um endurúthlutun á byggingarlóð nr. 6. vestan við Hólanesveg til byggingar á einbýlishúsi en í umsókn kemur fram að líklega verði um innflutt einingahús að ræða. Áætlað er að framkvæmdir hefjist haustið 2021 og byggingartími verði 2,5 ár. Lóðin sem um ræðir var auglýst skv. ákvörðun sveitarstjórnar með afslætti af öllum gatnagerðargjöldum háð því að byggingaframkvæmdir verði hafnar innan árs og að bygging hafi hlotið fokheldisvottorð innan tveggja ára frá úthlutun.





Nefndin samþykkir að veita umsækjanda lóðina að nýju til byggingar einbýlishúss háð því að byggingatími verði 2 ár.

*Afgreiðsla sveitarstjórnar: Sveitarstjórn samþykkti afgreiðsluna samhljóða*

### **c. Breytt notkun, stækkun lóðar og byggingarleyfi**

#### **i. Hafnarlóð 7**

Fyrir fundinum lá umsókn Harbour ehf. um breytta notkun, stækkun lóðar og bílastæði utan lóðar á Hafnarlóð 7.

- a. Sótt er um heimild til þess að breyta notkun hluta hússins að Hafnarlóð 7, landnr. 145685, matshluta 03-0101. Húsið er í dag skráð sem verkstæði og fyrirhugað að breyta því í veitingastað samkvæmt fyrirlögðum aðaluppdráttum nr. A-101 og A-102 í verknúmeri 7246-01, dags. 4. september 2020 og unnir voru af Atla Gunnari Arnórssyni verkfræðingi hjá Stoð.

Fyrir fundinum lá yfirlýsing meðeigenda hússins að Hafnarlóð 7, Fiskmarkaðs Íslands og Vík ehf. útgerðar dags. 17. september þar sem fyrirhugaðar breytingar á notkun húsnæðis eru samþykktar. Í yfirlýsingu kemur einnig fram að eigendur samþykki samhliða stækkun lóðar skv. hjálögðum afstöðuppdrætti á aðaluppdrætti. Stærð lóðarhluta tilheyrandi matshluta 03-0101 verður þannig 384,4 m<sup>2</sup> eftir breytingu en var fyrir 194,0 m<sup>2</sup>. Heildarflatarmál lóðar fyrir allt húsið eykst því úr 615,7 m<sup>2</sup> í 804,1 m<sup>2</sup>.

Þá er sótt um heimild til þess að nýta opið svæði vestan lóðarinnar, vestan aðkomuvegar að höfninni sem bílastæði fyrir veitingastaðinn.

Nefndin samþykkti erindið eins og það er fyrir lagt.

*Afgreiðsla sveitarstjórnar: Sveitarstjórn samþykkti afgreiðsluna samhljóða.*

Að öðru leyti var fundargerð til kynningar.



## 9. Önnur mál

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.


Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 10:30


  
Halldór G. Ólafsson

  
Róbert Kristjánsson

  
Kristín Björk Leifsdóttir

  
Péturína Laufey Jakobsdóttir

  
Guðmundur Egill Erlendsson

  
Alexandra Jóhannesdóttir